

HÚSAFRÍÐUNARNEFND RÍKISINS

ÁRSSKÝRSLA



2004

Skýrsla um starf Húsafriðunarnefndar og
yfirlit yfir styrkveitingar úr Húsafriðunarsjóði

Húsafriðunarnefnd í júlí 2005

Mynd á forsiðu:

Möðruvallakirkja fram ásamt klukknaporti © Húsafriðunarnefnd, Magnús Skúlason

Umbrot og hönnun: Ragnar Jón Gunnarsson

Öll réttindi áskilin.

Eftirprentun og ljósritun heimil ef uppruna er getið



Bjarmanes á Skagaströnd 1913 (JN)

Ávarp

Í umræðu um byggingarlist ber oft við að látið sé nægja að vikja að ytra útliti bygginga, formi þeirra og hlutföllum, gluggaskipan, áferð og litum, en annarra atriða að engu getið. Hitt er sönnu nær að húsagerðarlist, sem stendur undir nafni, sé ofin ólíkum þáttum, notum, tækni og list, og annað hitt að með þáttum þessum sé sá jöfnuður, er stenst fagurfræðilegar og rökrænar kröfur, og hæfilegt innbyrðis samræmi. Því er að þessu vikið, að á liðnu ári varð séð á bak friðuðum innréttingum í afgreiðslusal Eimskipafélags Íslands á þeim forsendum að við þær væri ekki búandi. Segja má að illa sé komið fyrir þjóð sem hafnar því besta er forfeðurnir afrekuðu í listrænni innansmið húsa, en í salnum fór saman glæsileg hönnun Guðjóns Samúelssonar, húsameistara ríkisins,

óvenju vandað efnisval og hagleikur Stefáns Eiríkssonar skurðlistamanns sem um var sagt að fengið hefði í vöggugjöf allar iðnir í einu. Þetta er þeim mun óskiljanlegra þegar haft er í huga að ekki er það fyrsta sinni sem staðið er frammi fyrir vanda af svipuðum toga. Árið 1886 létu athafnasamir bændaskólamenn taka allar fornar innréttingar úr Hóladómkirkju með þeim rökum að þær hefðu lokið hlutverki sínu. Þeirri aðgerð jafnaði íslensk minjavarsla við menningar-sögulegt slys og leiðrétti snemma á öldinni sem leið. Vonandi er þess ekki lengi að bíða að unnt verði að leiðrétta þá aðgerð, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, en góðu heilli er hún afturkræf, þar eð þiljurnar eru allar á sínum stað, einungis byrgðar aftur.



Hjarðarholtskirkja í Stafholtstungum 1895 (MS)

Húsafriðunarsjóður

Húsafriðunarnefnd stjórnar Húsafriðunarsjóði, en hlutverk sjóðsins er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum og til húsa sem hafa menningarsögulegt og listrænt gildi að mati Húsafriðunarnefndar. Sjóðurinn styrkir einnig verkefni sem stuðla að rannsóknum á íslenskum byggingararfi og útgáfu rita þar að lútandi.

Húsafriðunarnefnd úthlutar styrkjum úr Húsafriðunarsjóði samkvæmt reglugerð um sjóðinn nr. 479 frá 30. nóvember 1993.

Umsóknir til sjóðsins þurfa að berast fyrir 1. desember ár hvert.

Fjárframlög til sjóðsins koma annars vegar af fjárlögum og hins vegar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Starfsmenn Húsafriðunarnefndar

Forstöðumaður Húsafriðunarnefndar

Magnús Skúlason arkitekt, magnus@husafriidun.is

Aðstoðarmaður forstöðumanns

Ragnar Jón Gunnarsson arkitekt, ragnar@husafriidun.is

Í sérverkefnum

Jón Pálsson arkitekt, jon@husafriidun.is

Húsafriðunarnefnd

Í Húsafriðunarnefnd eiga sæti:

Þorsteinn Gunnarsson, arkitekt, sem er formaður nefndarinnar,

Pétur H. Ármannsson, arkitekt, sem er varaformaður,

Einar Njálsson, bæjarstjóri,

Guðmudur Þór Guðmundsson, lögfræðingur og

Nikulás Úlfar Mátsson arkitekt.

Varamenn eru þau:

Gylfi Guðjónsson, arkitekt,

Ingunn Guðmundsdóttir, sveitarstjóri,

Júlíana Gottskálksdóttir, forstöðumaður,

Guðrún Kristinsdóttir, safnstjóri og

Lýður Pálsson, safnstjóri.

Þjóðminjavörður hefur seturétt á fundum nefndarinnar.

Starfssvið Húsafriðunarnefndar

Húsafriðunarnefnd ríkisins starfar samkvæmt lögum um húsafriðun nr. 104/2001 og húsafriðunarreglugerð. Tilgangur laganna er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi. Hlutverk Húsafriðunarnefndar er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar. Því hlutverki sinnir hún með margvíslegum hætti, m.a. með því að:

- móta stefnu í húsverndunarmálum,
- meta hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til menntamálaráðherra,
- fara yfir umsóknir um breytingar, viðhald eða endurbætur á friðuðum húsum,
- hafa eftirlit með friðuðum húsum og þeim framkvæmdum sem nefndin styrkir,
- gefa álit á áformum um breytingar, flutning eða niðurrif húsa sem reist eru milli 1850 og 1918,
- stjórna húsafriðunarsjóði og veita úr honum styrkjum samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins,
- halda skrá yfir öll friðuð hús í landinu,
- veita ráðgjöf og fræðslu um viðhald og varðveislu gamalla húsa,
- stuðla að gerð húsakannanna og útgáfu þeirra,
- standa fyrir byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

Nánari úlistun á ofangreindum atriðum er að finna í ritinu *Stefnuskrá Húsafriðunarnefndar 2002*.



Sauðaneskirkja á Langanesi 1882 (MS)

Húsafríðunarnefnd hélt 8 fundi á árinu og fjallaði þar um áætlanir vegna framkvæmda við friðuð hús og önnur hús, sem hafa listrænt og menningarsögulegt gildi. Þá fjallaði hún og um innra starf nefndarinnar, útgáfustarfsemi og styrkveitingar í húsafríðunarsjóð. Nefndin hélt uppteknum hætti og fór í árlega eftirlitsferð um landið, að þessu sinni um austanverða Vestfirði og Norðurland vestra.

Eins og endranær hafði nefndin afskipti af fjölmörgum friðuðum húsum. Í mörgum tilvikum var um einskær smáatriði að ræða, í öðrum var tekist á um mikilsverð grundvallaratriði.

Nefndin kynnti sér áætlun um endurbætur á Alþingishúsinu, sem til stóð að gera á árinu, endurgerð gólfa á neðri hæð hússins, lagfæringar á gólfi í þingsal og endurbætur á lýsingu þar. Einnig kynnti nefndin sér áætlanir um lokaáfangar endurreisnar Nesstofu, sem ráðgert er að ljúka á næstu þremur árum, innréttingu á austur helmingi neðri hæðar, þar sem í öndverðu var íbúð landlæknis, og allri efri hæð hússins ásamt frágangi á lóð. Af öðrum friðuðum húsum, sem nefndin fjallaði um, er ástæða til að geta eftirtalinna húsa: Hafnarstræti 1-3, Hafnarstræti 18, Pósthússtræti 3-5, Tjarnargata 35, öll í Reykjavík, og hús Héraðsskólans á Laugarvatni sem friðað var á næstliðnu ári.

Nefndin lagðist gegn niðurrifi Garðastrætis 23, Vaktarabæjar, og taldi æskilegast að húsið fengi að standa áfram á sínum stað, en þar eð staða þess í umhverfinu væri tæpast nógu sterk, lýsti nefndin sig ekki mótfallna því að húsinu yrði fundinn annar viðunandi staður innan Grjótaþorps.

Töluverður styr stóð um breytingar, sem nýir eigendur Pósthússtrætis 2, húss Eimskipafélags Íslands, óskuðu eftir að fá að gera í þeim tilgangi að laga húsið að hótélrekstri. Nefndin lá ekki á þeirri skoðun sinni að æskilegast væri að varðveita afgangslusal Eimskipafélagsins á annarri hæð hússins í heild sinni. Eigendur hússins sóttu það

hins vegar fast að fá að stúka salinn niður í þrjú hótélherbergi. Lét nefndin í fyrstu á það reyna að hinar friðuðu veggþiljur yrðu nýttar í þágu hótelsins, en þegar sýnt var að eigendur gætu ekki felld sig við þá lausn, féllst nefndin á til að greiða fyrir lausn málsins og tryggja varðveislu innréttinganna til framtíðar að þiljurnar yrðu varðveittar „in situ“ en klæddar af. Áður en til þess kom lét nefndin gera mælingarteikningar af salnum í mkv. 1:10 og 1:1, en það verk unnu arkitektarnir Stefán Örn Stefánsson og Grétar Markússon. Þeir hlutar innréttinganna, sem nauðsynlegt er að fjarlægja, eins og bekkir og sitthvað fleira, verða varðveittir í nýju Sjóminjasafni í Reykjavík.

Af friðuðum kirkjum hafði nefndin afskipti af Sauðaneskirkju á Langanesi og kynnti sér áform um endurbætur á Hafnarfjarðarkirkju. Formaður og forstöðumaður héldu fund með heimamönnum úti í Vestmannaeyjum í þeim tilgangi að finna hentuga lausn á rýmingarleið úr Landakirkju en áður hafði nefndin fylgst rækilega með stækkun safnaðarheimilisins sem byggt er við kirkjuna.

Af öðrum markverðum húsum, sem ekki eru friðuð og nefndin tók til umfjöllunar á árinu, ber hæst Austurbæjarbíó, en þar er skemmst frá að segja að eftir nokkurt þóf ákváðu borgaryfirvöld að fara að ráðum Húsafríðunarnefndar og heimila ekki niðurrif hússins. Af öðrum húsum í þessum flokki skul aðeins örfá nefnd: Skólabrú 1, Túngata 16, Vesturgata 3 og verkamannabústaðirnir við Hringbraut, öll í Reykjavík; gömlu húsin við Brákarbraut í Borgarnesi, Hávegur 60, Hlíðarhús á Siglufirði, Hafnarstræti 96, Akureyri, Garðarsbraut 6, hús söludeildar Kaupfélags Þingeyinga, Húsavík, Hafnargata 11, Seyðisfirði og gamla kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík.

Að ósk verktaka lét nefndin meta varðveislugildi hússins Vesturgötu 66b í Reykjavík, öðru nafni Ívarssel, sem byggt var 1869-1870, og heimilaði að því búnu flutning þess á Árbæjarsafni.

Útgáfustarfsemi

Ekkert rit kom út á árinu á vegum nefndarinnar. Vegna annríkis starfsfólks Þjóðminjasafns við opnun safnsins var ákveðið að fresta útgáfu næstu tveggja binda í ritröðinni Kirkjur Íslands til ársins 2005 en þau munu fjalla um allar friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi. Höfundar eru þau Guðrún Harðardóttir, Gunnar Bollason, Hörður Ágústsson, Júlíana Gottskálksdóttir, Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristján Eldjárn, Kristmundur Bjarnason, Sigríður Sigurðardóttir, Unnar Ingvarsson, Þorsteinn Gunnarsson, Þór Hjaltalín og Þórir Stephensen. Ritstjórar eru þeir Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson. Frá og með þessum bindum verður Fornleifavernd ríkisins útgáfuaðili ásamt Þjóðminjasafni, Húsafriðunarnefnd og Biskupsstofu. Byggðasafn Skagfirðinga verður og aðili að útgáfu þessara tveggja binda.

Skrif um friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi er langt komið, og hafin eru skrif um kirkjur í tveimur öðrum prófastsdæmum, Eyjafjarðar- og Kjalarnes-. Þá er hafinn undirbúningur þarnæstu binda sem fjalla munu um kirkjur í Borgarfjarðarprófastsdæmi og Dala- og Snæfellsprófastsdæmi.

Í flokki leiðbeiningarrita um varðveislu, viðgerðir og endurbætur gamalla húsa er unnið að undirbúningi rits um hefilstríki, lista og innri klæðningar. Jafnframt er ákveðið að gefa út nýja og endurbætta útgáfu af Skrá yfir friðuð hús sem Guðmundur L. Hafsteinsson arkitekt tók saman fyrir nefndina og út var gefin árið 2000.

Friðuð hús

Friðuð hús eru annars vegar þau hús, sem friðuð eru vegna aldurs, og hins vegar hús sem friðuð eru með sérstakri ákvörðun menntamálaráðherra.

Í árslok 2004 voru friðuð hús alls 386 þar af voru 207 kirkjur, 7 vitar og 172 önnur hús.

Skyndifriðun er beitt til skamms tíma meðan nefndin tekur afstöðu til þess hvort friða eigi húsið með sérstakri ákvörðun. Skyndifriðun hefur ekki verið beitt síðan 1994.

Friðun húsa

Á árinu friðaði menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir eftirtaldir tvær kirkjur Guðjóns Samúelssonar, húsameistara ríkisins, að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar:

Akureyrarkirkja hönnunar-/byggingarár	1938
Kristskirkja í Landakoti	1929

Kynnisferð 2004

Húsafriðunarnefnd fór í kynnisferð um austanverða Vestfirði og Norðurland vestra dagana 11.-13. júlí. Flogið var að Gjögri og þaðan ekið í áföngum um Hólmavík, Blönduós, Sauðárkrók og til Akureyrar, þaðan sem flogið var til Reykjavíkur.

Á Ströndum voru m.a. skoðaðar allar friðaðar kirkjur, gömul hús í Bjarnarfirði og sildarverksmiðjan á Djúpavík undir leiðsögn Ásbjörns Þorgilssonar. Á Hólmavík skoðaði nefndin nokkur hús sem hlotið hafa styrk úr húsafriðunarsjóði, þeirra á meðal Riishús, braggann og Björnshús. Nefndin skoðaði endurbætur á íbúðarhúsinu á Kollsá í Hrutafirði í fylgd Steinars Karlssonar og viðgerð Riishúss á Borðeyri ásamt Sverri Björnssyni. Steinhús Sigurðar Pálmasonar á Hvammstanga var skoðað hátt og lágt í fylgd Karls Sigurgeirssonar, Auðbjörg Jónsdóttir sýndi nefndinni skrautmálaða forstofu á Illugastöðum og Eggert Ó. Levy kynnti velheppnaða endurgerð á steinhlöðnu húsi á Klömburum í Vesturhópi. Í Vatnsdal gerði nefndin úttekt á framkvæmdum við gamla sýslumannshúsið á Kornsa að viðstöddum húseigandanum Skúla Thoroddsen, skoðaði Undirfellskirkju og íbúðarhúsið á Hjallalandi í fylgd Sigríðar Hermannsdóttur húsfreyju. Á Blönduósi átti nefndin fund með Jónu Fanneyju Friðriksdóttur bæjarstjóra og Valgarði Hilmarssyni forseta bæjarstjórnar ásamt Þór Hjaltalín minjaverði Norðurlands vestra, ræddi húsakönnun og skoðaði gömlu Blönduóskirkju og áhugaverð hús í nágrenni kirkjunnar. Á Skagaströnd skoðaði nefndin einstaklega fallegar endurbætur á gamla skólahúsinu Bjarmalandi og þáði kaffiveitingar í húsinu í boði bæjarstjórnarmanna. Hofskirkja var skoðuð utan og innan, þvínæst gamlar húsarústir og viti á Kálfshamarsvík, Ketukirkja á Skaga og Hvammsskirkja í Laxárdal. Nefndin kynnti sér endurbætur á Villa Nova, Hótel Tindastóli og Gamla barnaskólanum, öllum á Sauðárkróki ásamt kirkjunni þar. Loks skoðaði nefndin bæjardýraport og kirkju á Reynistað, Silfrastaðakirkju og Bakkakirkju í Öxnadal.



Nýviðgerður hákarlahjallur í Hamarsbæli á Selströnd



Ráðgjöf og fræðsla

Endurbygging gamalla húsa er ekki hönnuð á vegum Húsafríðunarnefndar en til að koma til móts við þarfir samfélagsins gefur nefndin út leiðbeiningarit um sitthvað sem lýtur að viðgerðum og gömlu handverki. Þá veitir forstöðumaður nefndarinnar hagsmunaaðilum faglega ráðgjöf um viðhald og endurbætur, ýmist á skrifstofu nefndarinnar eða á vettvangi. Nefndin hefur einnig haldið námskeið fyrir iðnaðarmenn um sama efni í samvinnu við ýmsa aðila, m.a. Menntafélag byggingar-iðnaðarins, þar sem Magnús Skúlason, forstöðumaður nefndarinnar hefur haldið fyrirlestra með skýringarmyndum. Þá hefur forstöðumaður haldið fyrirlestra víða um starfsemi Húsafríðunarnefndar og byggingararfleifðina. Auk þess er unnið ótullega að því að glæða áhuga arkitekta á hönnun endurbygginga.

Á árinu var undirritaður samningur um staðarvarðanám sem lýtur að fræðslu og þjálfun fólks til móttöku gesta á sögu- og menningarstöðum Þjóðarinnar, í friðuðum húsum og á öðrum stöðum þar sem menningarminjar er að finna. Aðilar að samningnum eru Byggðasafn Skagfirðinga, Hólaskóli, Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifa-vernd ríkisins og Húsafríðunarnefnd.

Byggingarsögulegar rannsóknir

Á árinu var unnið áfram að byggingarsögulegum rannsóknnum á friðuðum kirkjum í samræmi við stefnuskrá Húsafríðunarnefndar. Þar er annars vegar um að ræða uppmælingar kirkna á vettvangi og hins vegar uppskriftir á vísitásiúm prófasta og biskupa sem varðveittar eru á Þjóðskjalasafni Íslands. Áætlað er að rannsóknnum þessi ljúki 2007.

Kristskirkja í Landakoti 1929 (MS)

Skráningarmál

Í ársbyrtjun 1996 setti Húsafríðunarnefnd sér það takmark að láta semja itarlegar lýsingar á öllum friðuðum mannvirkjum þar sem fram kæmu helstu staðreyndir sem þau vörðuðu. Í fyrsta lagi skyldi tekin saman hnitmiðuð lýsing þar sem týndir væru til meginþættir viðkomandi mannvirkis og gerð grein fyrir til hvaða þátta friðunin næði. Í öðru lagi skyldi settur fram rökstuðningur fyrir friðun mannvirkisins með vísan í listrænt eða menningarsögulegt gildi þess. Í þriðja lagi skyldi, þar sem það ætti við, samið yfirlit yfir byggingarluta sem að mati nefndarinnar mætti a: alls ekki breyta, b: helst ekki breyta, c: gætu verið á hvorn veginn sem væri, d: væri æskilegt að breyta.

Nefndin réð Guðmund L. Hafsteinsson, fyrrverandi deildarstjóra húsverndardeildar Þjóðminjasafns og fyrrverandi framkvæmdastjóra Húsafríðunarnefndar, til að taka saman ofangreinda skrá og búa hana undir prentun. Um er að ræða 191 friðað mannvirki og eru þá ekki talin með þau hús sem eru í umsjá Árbæjarsafns eða Þjóðminjasafns Íslands. Á árinu fór Guðmundur í tvær skoðunarferðir um landið og skráði, ljósmyndaði og samdi lýsingar á friðuðum húsum. Áætlað er að skráningu þessari verði lokið í árslok 2005.



Gamlt sýslumannshúsið að Kornsó í Vatnsdal 1879 (MS)



Hæstakaupstaðarhúsið á Ísafirði 1788 (MS)




Ein af viðgerðaraðferðum Húsafriðunarnefndar. Turn réttur af. Útskálakirkja 1879 (MS)



Elstu verslunarahús K.Þ. á Húsavík. 1883,1886,1902 (MS)

Húsafríðunarsjóður



Fjöldi styrkja (sýnt sem stólparit) og fjöldi umsókna (sýnt sem línurit). Heimild: Húsafríðunarnefnd

SAMTÖLUR	Styrkir	Upphæð	FRÍÐAÐAR KIRKJUR	Ártöl	Upphæð
FRÍÐUÐ HÚS:	19	9.400	Útskálakirkja	1889	500
FRÍÐAÐAR KIRKJUR:	20	14.400	Kálfatjarnarkirkja	1893	400
HÚS Á SAFNASVÆÐUM:	7	19.300	Hjarðarholtskirkja í Stafholtsungum	1895	200
RANNSÓKNARVERKEFNI:	0	0	Ingjaldshólskirkja	1903	700
HÚSAKANNANIR:	0	0	Brjánslækjarkirkja	1908	300
ÖNNUR VERKEFNI: Reykjavík	14	3.350	Saurbæjarkirkja á Rauðasandi	1885	250
ÖNNUR VERKEFNI: Reykjanes	10	8.250	Þingeyrarkirkja við Dýrafjörð	1911	7.000
ÖNNUR VERKEFNI: Vesturland	10	5.700	Hólskirkja, Bolungarvík	1908	500
ÖNNUR VERKEFNI: Vestfirðir	18	21.350	Bænhúsið í Furufirði	1899	100
ÖNNUR VERKEFNI: Norðurland	19	17.300	Reynistaðarkirkja, Skagafirði	1870	300
ÖNNUR VERKEFNI: Austurland	17	18.250	Viðvíkurkirkja	1886	200
ÖNNUR VERKEFNI: Suðurland	12	12.500	Bakkakirkja í Öxnadal	1843	200
		129.800	Grundarkirkja í Eyjarfirði	1904	200
FRÍÐUÐ HÚS	Átöl	Upphæð	Illugastaðarkirkja í Fnjóskadal	1860	400
Austurstræti 16, Reykjavík	1917	200	Húsavíkurkirkja	1907	1.000
Hafnarstræti 1-3, Reykjavík	1868	400	Skinnaðaarkirkja við Öxarfjörð	1855	700
Laugavegur 2, Reykjavík	1887	500	Vopnafjarðarkirkja	1902	600
Tjarnargata 18, Reykjavík	1906	100	Villingaholtskirkja	1911	50
Tjarnargata 28, Reykjavík	1906	300	Torfastaðarkirkja í Biskupstungum	1893	300
Þingholtsstræti 29, Reykjavík	1899	100	Kotstrandarkirkja í Ölfusi	1909	500
Riis-hús, Borðeyri, 500 Brú	1862	600			14.400
Villa Nova, Sauðárkróki	1903	500	HÚS Á SAFNASVÆÐUM	Ártöl	Upphæð
Aðalstræti 4, gamla apótekið	1859	500	Sandar vestri, Görðum Akranesi	1901	300
Aðalstræti 14, Gudmanns Minde	1836	3.000	Stúkuhús, Háteig 11, Akranesi	1916	4.000
Aðalstræti 46, Friðbjarnarhús	1856	300	Pakkhúsið, Ólafsvík	1844	4.000
Bjarkarstígur 6, Davíðshús	1944	200	Norska húsið, Stykkishólmi	1832	7.000
Eyjarlandsvegur 3, Sigurhæðir	1903	200	Faktorshúsið í Neðstakaupstað, Ísaf.	1765	2.500
Hafnarstræti 11, Laxdalshús	1795	400	Hafnargata 34-35, Vélsmiðja,	1907	500
Hafnarstræti 20, Höpfnershús	1911	400	Húsið á Eyrarbakka, Eggjaskúr		1.000
Hafnarstræti 57, Samkomuhúsið	1906	1.000			19.300
Lækjargata 2a, Frökenarhúsið	1824	150			
Sæbyhús, Siglufirði	1886	50			
Faktorshúsið á Djúpavogi	1848	500			
		9.400			


Feitletraðar upphæðir eru af fjárlögum.

Styrkir 2004

Styrkumsóknir 2004 voru alls **219** en styrkveitningar voru **147**. Styrkir námu samtals **129.800** þús.kr.

STYRKUMSÓKNIR 2004			ÖNNUR VERKEFNI; NORÐURLAND		Ártöl	Upphæð
	Styrkir	Upphæð	Brekkugata 2, Hvammstanga	1910	200	
FRÍÐUÐ HÚS:	19	9.400	Sýslumannshúsið á Kornsó	1879	250	
FRÍÐAÐAR KIRKJUR:	20	14.400	Bjarmanes, Skagaströnd	1913	7.000	
HÚS Á SAFNASVÆÐUM:	7	19.300	Aðalgata 23, Ytrahús, Siglufirði	1905	200	
RANNSÓKNARVERKEFNI:	0	0	Hávegur 60, Hlíðarhús, Siglufirði	1898	250	
HÚSAKANNANIR:	0	0	Herhúsið, Siglufirði	1914	2.000	
ÖNNUR VERKEFNI: Reykjavík	14	3.350	Norðurgata 1, Maðdömuhús, Siglufirði	1884	1.000	
ÖNNUR VERKEFNI: Reykjanes	10	8.250	Austurvegur 14, Hrísey	1879	100	
ÖNNUR VERKEFNI: Vesturland	10	5.700	Gamla syðstabæjarhúsið, Hrísey	1886	3.000	
ÖNNUR VERKEFNI: Vestfirðir	18	21.350	Leikhús á Möðruvöllum í Hörgárdal	1881	250	
ÖNNUR VERKEFNI: Norðurland	19	17.300	Aðalstræti 10, Berlín, Akureyri	1902	200	
ÖNNUR VERKEFNI: Austurland	17	18.250	Aðalstræti 34, Davíðsbær, Akureyri	1877	200	
ÖNNUR VERKEFNI: Suðurland	12	12.500	Hafnarstræti 96, París, Akureyri	1913	150	
		129.800	Wathnehús, Akureyri	1895	200	
ÖNNUR VERKEFNI; REYKJAVÍK	Ártöl	Upphæð	Kaupangur, Eyjafjarðarsveit	1920	150	
Bárugata 12	1929	200	Flateyjarkirkja í Flatey á Skjálfanda	1955	150	
Klapparstígur 11, Stóra-Klöpp	1907	300	Hraunsrétt í Aðaldal	1836	1.000	
Hrannarstígur 3	1928	150	Verslunarhús Kaupfél. Þingeyginga	1883	300	
Laufásvegur 4	1899	200				
Laugavegur 31	1929	200	Gamla íbúðarhúsið að Héðinshöfða	1880	700	
Mjóstræti 4	1885	200				17.300
Njálsgata 13b	1908	300	ÖNNUR VERKEFNI; VESTFIRÐIR	Ártöl	Upphæð	
Óðinsgata 8b	1909	200	Flateyjarkirkja á Breiðafirði	1926	2.000	
Reynisstaður við Skildinganes	1923	150	Prestbústaðurinn á Brjánslæk	1912	400	
Hljómskálinn við Skothúsveg	1922	600	Pakkhúsið á Patreksfirði	1896	150	
Suðurgata 14	1904	200	Aðalstræti 27, Skjaldborg, Patreksfirði	1934	5.000	
Tómasarhagi 16 b, Litlibær	1893	200	Gamli bærinn á Sveinseyri	1880	200	
Vesturgata 48, Reykjavík	1914	250	Strandgata 6, Svalborg, Bildudal	1880	150	
Garðar við Ægisíðu	1882	200	Íbúðarhúsið Botni, Geirþjófsfirði	1886	50	
		3.350	Vélsmiðja, Þingeyri	1913	7.000	
ÖNNUR VERKEFNI; VESTURLAND	Ártöl	Upphæð	Hlíð við Núp í Dýrafirði	1905	50	
Hvítanes I, Skilmannahreppi	?	200	Hafnarstræti 3-5, Flateyri	1908	200	
Pakkhús í Borgarbyggð	1887	2.000	Gamli barnaskólinn, Ísafirði	1906	1.000	
Englendingavík, neðra pakkhús	1885	1.000	Mánagata 4, Hjálpræðishershúsið		200	
Ferjukot, Borgarhreppi	1894	75	Mjallargata 5, Ísafirði	1856	200	
Galtarholt II, Borgarbyggð	1895	225	Sundstræti 21, Amsterdam, Ísafirði	1850	150	
Grundarbraut 1, Jónshús, Ólafsvík	1892	200	Kópnes, Hólmavík	1916	200	
Mýrarholt 8, Kaldilækur, Ólafsvík	1905	300	Brekkugata 4, Bragginn	1946	4.000	
Hafnargata 9, Stykkishólmur	1899	500	Kollsá, Bæjarhreppi, Strandasýslu	1924	200	
Smiðjustígur 6, Stykkishólmur	1914	200	Ólafshús, Borðeyri	1924	200	
Staður í Reykhólasveit	1950	1.000				21.350
		5.700				

Feitletraðar upphæðir eru af fjárlögum



ÖNNUR VERKEFNI; AUSTURLAND	Ártöl	Upphæð
Framtíðin, Vopnafirði	1897	200
Hvítasunnukirkjan, Vopnafirði		1.500
Kaupangur, Vopnafirði	1884	7.000
Gistihúsið að Egilsstöðum	1903	200
Austurvegur 3, Hótel Seyðisfjörður	1908	200
Fjörður 1, Seyðisfirði	1906	100
Hafnargata 42, Garður, Seyðisfirði	1921	200
Norðurgata 2, Seyðisfjörður	1903	500
Vesturvegur 4, Seyðisfirði	1903	150
Öldugata 6, Seyðisfirði	1883	100
Búðavegur 8, Templarinn, Fáskrúðsfirði	1900	200
Ráðhús Austurbyggðar á Fáskrúðsfirði	1907	100
Tangi, kaupfélagshúsið á Fáskrúðsfirði	1895	250
Gamla kaupfélagshúsið, Breiðdalsvík		7.000
Framtíðin, Djúpavogi	1905	250
Bjarg í Papey, vesturhluti	1911	150
Bjarg í Papey	1909	150
		18.250

ÖNNUR VERKEFNI; SUÐURLAND	Ártöl	Upphæð
Hof í Öræfum, austurbær	1940	200
Mikligarður, Höfn í Hornafirði	1920	250
Símstöðin, Vík	1900	200
Víkurbraut 24a, Vík	1913	200
Víkurbraut 28, Brydebúð, Vík	1895	4.000
Hlíðarendakot í Fljótshlíð	1920	100
Tryggvaskáli, Selfossi	1934	5.000
Gufubaðið og smíðahúsið á Laugarvatni		2.000
Einarshöfn II, Prestshús, Eyrarbakka	1906	200
Einarshöfn V, Dísuhús, Eyrarbakka	1900	50
Ísaksbær, Eyrarbakka	1890	150
Norðurkot, Túngötu 63, Eyrarbakka	1898	150
		12.500

Feitletraðar upphæðir eru af fjárlögum

